

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum NBI, Íslandsbanka, Nýja Kaupþings (Arion banka).

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa NBI, Íslandsbanki, Nýja Kaupþing (Arion banki) eða dótturfélög bankanna skipað fólk í stjórnir fyrirtækja og dótturfyrirtækja sem bankarnir hafa tekið yfir að hluta eða öllu leyti? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*
2. *Í stjórnir hvaða fyrirtækja hafa fyrrgreindir bankar skipað stjórnarmenn? Hverjir hafa verið skipaðir og hver er skipting þeirra eftir kyni? Hverjir hafa verið skipaðir stjórnarformenn þessara fyrirtækja? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*
3. *Hafa fyrrgreindir bankar sett sér reglur um hvernig skipað skuli í stjórnir og taka reglurnar, ef til eru, mið af jafnréttislögum? Svar óskast sundurgreint eftir bönkum.*

Ráðuneytið hefur ekki haft undir höndum upplýsingar um skipan í stjórnir fyrirtækja á vegum NBI, Íslandsbanka eða Nýja Kaupþings (Arion banka) sem spurt er um í fyrirspurn þessari. Til að afla þessara upplýsinga var bönkunum þremur ritað bréf þar sem óskað var eftir framangreindum upplýsingum. Hér á eftir fara svör bankanna.

### **NBI hf.**

NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“) staðfestir að bankinn og dótturfélög hans hafa skipað fólk í stjórnir fyrirtækja sem bankinn hefur tekið yfir að hluta eða að öllu leyti.

Starfsreglur bankaráðs Landsbankans kveða á um að ef bankaráð telur rétt að bankaráðsmaður taki sæti í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélags skuli við slíka ákvörðun fjalla ítarlega um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk viðkomandi bankaráðsmanns og um nauðsyn þess að hann taki sæti í þeirri stjórn.

Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. er dótturfélag Landsbankans sem ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun eignarhalds í atvinnufyrirtækjum sem bankinn fær í hendur í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja, þ.e. þar sem kröfum bankans er breytt í hlutafé eða sem koma til við skuldaskil viðskiptavina bankans. Í starfsreglum Vestia segir varðandi skipun aðila í stjórnir atvinnufyrirtækja að félaginu sé heimilt að skipa fulltrúa í stjórnir þeirra hlutafélaga sem Vestia fer með eignarhlut í. Ákvörðun um slíkt skal í öllum tilfellum vera háð samþykki stjórnar Vestia. Viðkomandi stjórnarmenn geta verið starfsmenn Vestia eða utanaðkomandi sérfræðingar, eftir því sem hentugast þykir. Í þeim tilfellum þar sem starfsmenn félagsins taka sæti í stjórn hlutafélaga skulu þeir ekki þiggja sérstök laun fyrir þann starfa heldur skulu stjórnarlausn þau er ella hefðu fallið í skaut þeirra renna til félagsins.

Reginn ehf. er sértækt dótturfyrirtæki Landsbankans sem fer með eignarhald bankans á fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga sem líklegt er að bankinn eigi um einhvern tíma. Félagið ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun fasteigna eða fasteignafélaga, sem Landsbankinn kann að eignast vegna umbreytingar krafna í hlutafé eða vegna fullnustugjörninga. Félaginu er heimilt að skipa fulltrúa í stjórnir þeirra hlutafélaga sem félagið fer með eignarhluti í.

Ákvörðun um slíkt skal í öllum tilfellum vera háð samþykki stjórnar félagsins. Í þeim tilfellum þar sem starfsmenn félagsins taka sæti í stjórnnum hlutafélaga skulu þeir ekki þiggja sérstök laun fyrir þann starfa, heldur skulu stjórnarlaun þau er ella hefðu fallið þeim í skaut renna til félagsins.

Landsbankinn hefur sett sér virka jafnréttisstefnu sem gildir einnig um skipun manna í stjórnir á vegum bankans. Jafnréttisstefna bankans tekur mið af jafnréttislögum.

Eftirtaldir aðilar hafa verið skipaðir í stjórnir fyrirtækja fyrir hönd Landsbankans, Regins ehf. og/eða Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. sem félögin hafa tekið yfir að hluta eða að öllu leyti sem hluta af fullnustu eða fjárhagslegri endurskipulagningu:

**Fasteignafélag Íslands hf.**

Helgi S. Gunnarsson, stjórnarformaður – framkvæmdastjóri Regins ehf.  
Anna Sif Jónsdóttir – starfsmaður Regins ehf.  
Birgir Birgisson – starfsmaður Landsbankans

**Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf.**

Helgi S. Gunnarsson, stjórnarformaður – framkvæmdastjóri Regins ehf.  
Anna Sif Jónsdóttir – starfsmaður Regins ehf.  
Birgir Birgisson – starfsmaður Landsbankans

**Formaco N ehf.**

Friðrik Stefán Halldórsson, stjórnarformaður – starfsmaður Landsbankans  
Jón Hólmar Steingrímsson – starfsmaður Landsbankans

**Húsasmiðjan hf.**

Steinþór Baldursson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
Þórður Ólafur Þórðarson – starfsmaður Vestia  
Hrönn Sveinsdóttir – utanaðkomandi sérfræðingur, skipað af Vestia

**Parlogis ehf.**

Steinþór Valur Ólafsson – starfsmaður Vestia, stjórnarformaður  
Kristinn Pálmason – starfsmaður Vestia

**Stoðir hf.**

Sigurður Jón Björnsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Teymi hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia,  
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Askja ehf.**

Birgir Birgisson – starfsmaður Landsbankans

**Landic Property hf.**

Hermann Hermannsson – starfsmaður Landsbankans

**Og fjarskipti ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Skýrr ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Kögun ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Landsteinar Strengur ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
 Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
 Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**EJS ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
 Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
 Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**HugurAx ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
 Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
 Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Eskill ehf. – dótturfélag Teymis hf.**

Þórður Ólafur Þórðarson, stjórnarformaður – starfsmaður Vestia  
 Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia  
 Lúðvík Örn Steinarsson – utanaðkomandi sérfræðingur, skipaður af Vestia

**Geysir Green Energy ehf.**

Þórður Ólafur Þórðarson – starfsmaður Vestia  
 Steinþór Baldursson – starfsmaður Vestia

**Plastprent hf.**

Steinþór Valur Ólafsson – starfsmaður Vestia, stjórnarformaður  
 Kristinn Pálmason – starfsmaður Vestia

**Íslandsbanki hf.**

*Minnisblað vegna fyrirspurnar um kynjahlutfall í stjórnnum.*

Spurning nr. 1: Höfum við skipað fólk í stjórnir?

*Svar: Já.*

Spurning nr. 2a: Í stjórnir hvaða fyrirtækja?

*Svar: Sjá lista hér að neðan.*

Spurning nr. 2b: Hverjir hafa verið skipaðir?

*Svar Sjá lista hér að neðan.*

Spurning 2c: Hvernig er skipting eftir kyni?

*Svar: Karlar 74%, konur 26%.*

Spurning 2d: Hverjir hafa verið skipaðir formenn?

*Svar: Sjá lista hér að neðan.*

Spurning 3: Hefur bankinn sett reglur um stjórnarskipanir?

*Svar: Nei.*

Félag	Fyrirtæki	Nafn	Tengsl	Kyn
Breiðengi	Capa Invest	Rósant Már Torfason	Starfsmaður	Karl
Breiðengi	Frumtak GO	Haukur Skúlason	Starfsmaður	Karl
Breiðengi	IMG Holding	Hafsteinn Bragason	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eik Properties/Eik Fasteignafélag	Einar Sigurðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eik Properties/Eik Fasteignafélag	Einar Örn Davíðsson (varamaður)	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eik Properties/Eik Fasteignafélag	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Hafslóð	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Laugarakur	Guðrún Gunnarsdóttir	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Laugarakur	Runólfur Geir Benediktsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Laugarakur	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl

Félag	Fyrirtæki	Nafn	Tengsl	Kyn
Engigerði	Norðurturninn	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Rivilus	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Rivilus	Una Steinsdóttir	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Rivilus	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Strandhögg í Norðri	Guðrún Gunnarsdóttir (varam.)	Starfsmaður	Kona
Engigerði	Strandhögg í Norðri	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Engigerði	Eignarhaldsfélagið Fasteign	Þorkell Sigurlaugsson	Tilnefndur	Karl
Engigerði	Hafslóð	Örn Kjærnested	Tilnefndur	Karl
Fjárengi	Auðengi	Rósant Mór Torfason	Starfsmaður	Karl
Fjárengi	Auðengi	Tómas Sigurðsson	Starfsmaður	Karl
Fjárengi	Auðkenni	Runólfur Geir Benediktsson	Starfsmaður	Karl
Fjárengi	Fjölgreiðslumiðlun	Einar Páll Tamimi	Tilnefndur	Karl
Fjárengi	Median-rafræn miðlun	Jónas Jónatansson	Tilnefndur	Karl
Laufengi	NG1 eignarhaldsfélag	Tómas Sigurðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	NG1 eignarhaldsfélag	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Sjóklæðagerðin	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Steypustöðin	Guðrún Gunnarsdóttir	Starfsmaður	Kona
Laufengi	Steypustöðin	Runólfur Geir Benediktsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Steypustöðin	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Laufengi	Skeljungur og S-Fasteignir	Einar Þór Þórhallsson	Tilnefndur	Karl
Laufengi	Skeljungur og S-Fasteignir	Þórarinn V Þórarinsson	Tilnefndur	Karl
Miðengi	Miðengi	Ingvi Hrafn Óskarsson	Starfsmaður	Karl
Miðengi	Miðengi	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Starfsmaður	Kona
Miðengi	Miðengi	Gunnar Svavarsson (formaður)	Tilnefndur	Karl
Miðengi	Miðengi	Gylfi Árnason	Tilnefndur	Karl
Miðengi	Miðengi	Kristín Flygenring	Tilnefndur	Kona
Útengi	Háskólavellir	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl
Útengi	Klasi	Ríkharrð Ottó Ríkharrðsson	Starfsmaður	Karl

Önnur félög sem eru ekki undir Miðengi:

Önnur félög Borgun	Agla Hendriksdóttir (varamaður)	Starfsmaður	Kona
Önnur félög Borgun	Guðný Sigurðardóttir	Starfsmaður	Kona
Önnur félög Borgun	Rósa Guðmundsdóttir (varam.)	Starfsmaður	Kona
Önnur félög Borgun	Rósant Mór Torfason (formaður)	Starfsmaður	Karl
Önnur félög Endurskoðunarnefnd RB	Ágúst Hrafnkelsson	Starfsmaður	Karl
Önnur félög Íslandssjóðir	Steinunn Bjarnadóttir (formaður)	Starfsmaður	Kona
Önnur félög RB	Sigurjón Birgir Hákonarson	Starfsmaður	Karl
Önnur félög Icelandair	Katrín Olga Jóhannesdóttir	Tilnefndur	Kona
Önnur félög Icelandair	Sigurður Helgason (formaður)	Tilnefndur	Karl
Önnur félög Kreditkort	Árni Geir Pálsson	Tilnefndur	Karl
Önnur félög Kreditkort	Kristján Jóhannsson	Tilnefndur	Karl
Önnur félög Kreditkort	Vilborg Loftis (formaður)	Tilnefndur	Kona

### Hlutfall kynja í stjórnnum fyrirtækja.

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Karl	37	74%
Kona	13	26%

### Arion banki hf.

Þótt fyrirspurnin virðist fyrst og fremst lúta að skipun stjórnanna í „úrvinnslufélögum“ vill Arion banki engu síður nota tækifærið og upplýsa ráðuneytið og þingheim um skipan í stjórnir rekstrarfélaga innan samstæðunnar og þau meginsjónarmið sem þar gilda.

#### A. Rekstrarfélög samstæðu.

Við val á stjórnarmönnum í rekstrarfélögum samstæðu bankans eru þrjú meginsjónarmið höfð að leiðarljósi. Í fyrsta lagi að velja hæfa einstaklinga, í öðru lagi að utanaðkomandi einstaklingar setjist í stjórnir ásamt starfsfólki bankans og loks að kynjahlutföll séu sem jöfnust. Veigamestu rekstrarfélög samstæðunnar eru (stjórnarformenn nafngreindir):

Félag	Fjöldi	Karlar	Konur	Utanað.	Stjórnarformaður
Arion verðbréfavarsla hf.	5	2	3	2	Finnur Sveinbjörnsson
Okkar líftryggingar hf.	5	3	2	2	Finnur Sveinbjörnsson
Stefnir hf. (rekstur verðbréfasjóða)	5	3	2	3	Hrund Rudolfsdóttir
AFL-sparisjóður	5	3	2	2	Þórbergur Guðjónsson
Sparisjóður Ólafsfjarðar	5	2	3	1	Þórdís Úlfarsdóttir
Ekort ehf.	3	0	3	0	Jóhanna Birgisdóttir
Eignasel ehf. (eignarhlutir í yfirteknum félögum)	3	2	1	3	Bergþór Konráðsson
Landfestar ehf. (yfirtekið atvinnuhúsnæði í útleigu)	3	1	2	3	Hrönn Pétursdóttir
Landey ehf. (yfirtekin fasteignaþróunarverkefni)	3	2	1	0	Sigurjón Pálsson
Landsel ehf. (yfirteknir vörulagerar)	2	1	1	0	Sigurjón Pálsson

#### B. Úrvinnsluverkefni.

Í þessum flokki eru einstök félög eða eignarhlutir sem bankinn hefur eignast tímabundið í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félags. Þessi verkefni eru mislangt á veg komin. Oftar en ekki eru því núverandi stjórnarmenn til bráðabirgða á vegum bankans. Þess er gætt að lánasérfræðingar eða aðrir starfsmenn á sviði hefðbundinnar bankaþjónustu setjist ekki í stjórnir félaga í þessum flokki. Þá er stefnt að jafnrétti kynjanna við skipun í stjórnir félaga í þessum flokki. Vegna ákvæða laga um trúnaðarskyldu verður eingöngu greint frá félögum sem hafa verið í opinberri umræðu (stjórnarformenn sem eru starfsmenn bankans eru nafngreindir):

Félag	Fjöldi	Karlar	Konur	Utanað.	Stjórnarformaður
1998 ehf.	3 af 3	3	0	1	Halldór Bj. Lúðvígsson
Atorka Group hf.	1 af 5	1	0	0	Halldór Bj. Lúðvígsson
Hekla ehf.	1 af 1	1	0	0	Klemens Arnarson
Hekla fasteignir ehf.	1 af 1	1	0	0	Klemens Arnarson
Landic Property hf.	1 af 5	1	0	0	
Landic Property Ísland ehf.	2 af 5	1	1	0	
Penninn á Íslandi ehf.	3 af 3	2	1	1	Klemens Arnarson
Stoðir hf.	1 af 3	1	0	0	
Þyrping ehf.	1 af 1	1	0	0	Klemens Arnarson